Vatnsendaskóli

Starfsmannakönnun mars 2022

Starfsmannakönnun Vatnsendaskóla fór fram í mars 2022. Þar voru 22 almennir þættir mældir. Til viðbótar voru kennarar beðnir um að gefa upplýsingar um 31 þátt. Starfsmannakönnunin fór fram á netinu og var send á tölvupóstfang allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf starfsfólks almennt við fyrstu fyrirlögn. Í undantekningatilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Fjöldi þátttakenda í könnuninni var 86 og var fjöldi svarenda 61 sem er 70,9%.

Könnunin kom í heild sinni nokkuð vel út en það eru þó nokkrir þættir sem þarfnast umbóta.

Starfið

Einn þáttur innan flokksins Starfið kemur marktækt undir landsmeðaltali með frávik uppá 0,5 stig. Sá þáttur er *ágreiningur um hlutverk.* Spurningar sem mynda matsþátt snúa að þáttum sem kennarar þurfa að gera en finnst að þeir ættu að gera örðuvísi, þeir fái verkefni án þess að fá viðeigandi úrræði til að leysa þau og að starfsmenn og kennara fái verkbeiðnir frá tveimur eða fleiri aðilum. Þessi þáttur kemur því til úrbóta á komandi skólaári.

Starfsumhverfi kennara

Kennarar telja að þeir hafi ekki stuðning vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika. Faglegum stuðningi stjórnenda við kennara er ábótavant. Skólastjórnendur þurfa að fylgjast betur með kennslu í kennslustofum. Umbóta er þörf varðandi þennan þátt. Aðrir þættir koma vel út í þessum flokki en fram kemur að kennarar fylgjast lítið með kennslu annarra kennara og veiti þeim endurgjöf. Þessi þættir koma því til úrbóta á komandi skólaári.

Heildarniðurstöður könnunarinnar birtast á heimasíðu skólans.